

**Nd.**

**219. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir stjórnin borið upp í Ed. Breytingar þær, er það hafði að geyma frá því, er í 5. gr. laga nr. 1, 3. jan. 1905, stendur, eru þessar:

- 1) Sekta-hámark var hækkað úr 100 kr. í 1000 kr.
- 2) Ákvæðið um vandarhogg sem refsingu á börn, 10—15 ára, er felt burt, að því leyti sem það var eigi áður burt fallið samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 16. nóv. 1907, en samkvæmt þeim lögum eru börn undir 14 árum refsilaus.
- 3) Bætt er við fyrirmæli um það, að ákveða megi í samþykt, að hagnaður af broti skuli greiddur í bæjarsjóð.

Ed. hefir samþykt frumv. óbreytt að öðru en því, að sekta-hámarkið hefir hún fært niður í 500 kr.

Nefndin telur miklu rjettara að halda sekta-hámarki frumvarpsins. Sekta-hámark laga nr. 1, 3. jan. 1890, 5. gr., telur hún hafa alt af verið of lágt, en sjerstaklega nú, er auður manna hefir aukist og peningar fallið stórkostlega, þykir henni full ástæða til að halda 1000 kr. hámarki stj.frv.

Nefndin er því og samþykk, að heimild sje til þess að setja fyrirmæli í samþykt um það, að hagnaður sökunaúts af broti skuli falla í bæjarsjóð, en henni þykir rjettara, að það sjáist glögt, að það sje í *refsiskyni* að hagnaðurinn er gerður upptækur, enda eigi enginn einstakur maður heimtingu á því, að fá hann endurgreiddan, og er það í samræmi við 35. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Nefndin leggur því til, að frv., eins og það er komið frá Ed., verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGUM.

Við 1. gr. 1. Fyrir »500« í fyrri málslíð 2. málsg. komi:  
1000.

2. Síðari málslíður sömu málsg. orðist svo:

Heimilt er að ákveða í samþykkt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Alþingi, 30. júlí 1919.

Einar Arnórsson,  
formaður og framsögumaður.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari.

Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen. Einar Jónsson.